

## Minnispunktur til samgöngunefndar:

Nokkrir vegir innan Bláskógabyggðar þarfnast verulegs viðhalds og endurbóta. Þakkað er fyrir þær framkvæmdir sem ráðist var í í sumar á fjölförnustu leiðum við lagfæringar á slitlagi og vegarköflum sem voru nánast ónýtir af álagi. Enn eru þó nokkrir fjölfarnir vegir sem þarf að ráðast í framkvæmdir við:

### Reykjavegur (355)

Mikilvægt er að hafist verði handa við framkvæmdir við Reykjaveg, en hann hefur lengi beðið eftir að komast á framkvæmdastig. Um er að ræða fjölfarna leið í uppsveitunum, stystu leið frá Reykholti og Flúðum að Laugarvatni sem nýtist bæði ferðamönnum og íbúum. Brýnt er að unnið verði eftir framkominni samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum við veginn árið 2020.

### Vegurinn frá Brúarhlöðum norður að Biskupstungnabraut (30)

Kallað er eftir því að lokið verði uppbyggingu á Skeiða- og Hrunamannavegi, þ.e. efsta hluta hans frá Brúarhlöðum að Biskupstungnabraut. Þessi vegur er afar mikilvægur ferðamannavegur en ástand hans er mjög bágborið. Brýnt er að unnið verði eftir framkominni samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum við veginn árið 2020.

### Einholtsvegur (Eystri-Tunga) (358)

Vegurinn um Eystri-Tungu er mikilvægur fyrir samgöngur innan sveitarfélagsins. Ástand þess vegar hefur verið mjög slæmt undanfarin ár og er brýnt að ráðast í endurbætur.

### Kjalvegur

Halda þarf áfram endurbótum á Kjalvegi.

## Umsagnir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna samgönguáætlunar:

**2019-2033:** Byggðaráð Bláskógabyggðar fagnar þeim vegbótum sem gert er ráð fyrir í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Auk þeirra verkefna sem tilgreind eru í 5 ára samgönguáætlun er á síðari hluta tímabilsins gert ráð fyrir framkvæmdum í uppsveitum Árnessýslu sem miða að því að bæta umferðaröryggi, svo sem við Geysi og Stóru-Laxá. Breikkun Suðurlandsvegar milli Hveragerðis og Selfoss er einnig brýnt umferðaröryggismál. Byggðaráð telur allar þessar samgöngubætur af hinu góða, en bendir á að æskilegt væri að þær gætu komist til framkvæmda fyrr en áætlað er.

**2019-2023:** Byggðaráð Bláskógabyggðar fagnar því að í 5 ára samgönguáætlun skuli gert ráð fyrir framkvæmdum á þeim hluta Skeiða- og Hrunamannavegar sem liggur frá Einholtsvegi að Biskupstungnabraut á árunum 2019-2020 og á Reykjavegi á árinu 2020. Um brýnar úrbætur í samgöngumálum er að ræða og þeir vegir sem um ræðir mjög fjölfarnir, ekki síst vegna fjölgunar ferðamanna.

F.h. sveitarstjórnar Bláskógabyggðar,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri